

Drög að dagskrá Þjóðhátíðardagsins 17. júní 2015 í Hafnarfirði

Undirbúningur er hafinn að dagskrá Hafnarfjarðarbæjar á Þjóðhátíðardaginn. Þriðja árið í röð fara hátíðarhöldin fram í miðbænum.

Auglýst eftir dagskráatriðum

Auglýst hefur verið eftir skemmtiatriðum á vef bæjarins og í bæjarblöðunum. Frestur til að senda framkvæmdastjóra 17. júní hugmyndir að allskonar atriðum og uppákomum rennur út 15. apríl.

8:00 Fánahylling

Skátafélagið Hraunbúar flaggar 100 fánum víðsvegar um bæinn í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

10:00 Frjálsíþróttamót í frjálsíþróttahúsi Kaplakrika

Frjálsíþróttadeild FH stendur fyrir frjálsíþróttamóti fyrir 6-10 ára.

13:00 Hátíðardagskrá á Hamrinum

Helgistund, ávarp fjallkonu, Karlakórinn Þrestir og Lúðrasveit Hafnarfjarðar.

13:30 Skrúðganga frá Hamrinum að Thorsplani

Gengið nýja leið niður Hringbraut í átt að Læknum, beygt inn Lækjargötu og Strandgötu að Thorsplani. Lúðrasveit Hafnarfjarðar og skátafélagið Hraunbúar leiða skrúðgönguna ásamt fulltrúum íþróttafélaga. Í skrúðgönguna fylkjast Víkingar, konur í Þjóðbúningum, Sirkus Íslands og fleiri.

14:00-16:00 Hátíðarhöld í miðbænum

Barna- og fjölskyldudagskrá á Thorsplani.

Dagskrá við Hafnarborg og vilji er til að auka hlut svæðisins í kringum Ráðhústorgið.

Sölubásar, leiktæki, andlitsmálun og götulistamenn og ýmsar uppákomur á Strandgötunni.

Íbúar Austurgötu bjóða Hafnfirðinga og nærsveitarmenn velkomna á Austurgötuhátíð.

Hafnarborg og Byggðasafn Hafnarfjarðar eru opin og sólstöðuhátíð víkinga við Fjörúkránna.

16:00 FH – Haukar í Íþróttahúsinu við Strandgötu

Keppt verður í meistaraflokki karla og kvenna í handbolta og Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar sýnir í hléi.

Kvölddagskrá á Thorsplani kl. 20:00-22:00

Fjölskylduskemmtun á Thorsplani og sölubásar, leiktæki og ýmsar uppákomur á Strandgötunni.

Lokanir í miðbæ Hafnarfjarðar

Lokanir eru minni en undanfarin ár en markmið okkar er að tryggja öryggi þeirra sem eru gangandi en jafnframt að þeir sem kjósa að koma akandi geti lagt bílum sínum. Þá verður frítt í strætó til þess að minnka bílaumferð.



Hátíðarsvæðið í miðbænum er lokað meðan á hátíðarhöldum stendur sem hér segir:

- Skrúðganga —
- Lokanir 11-22 —
- Lokanir 11-17 —
- Lokanir 13:30-14:00 —